

September 2009

Félagspjónusta Norðurljóða
Heimsfaraldur inflúensu
Viðbragðsáætlun í málefnum
fatlaðra



**Félagspjónusta
Norðurljóða**

Efnisyfirlit

Formáli.....	3
1. <i>Inngangur</i>	4
2. <i>Heimsfaraldur influensu</i>	5
3. <i>Háskastig almanna</i>	6
4. <i>Virkjun viðbragðsáætlana ráðuneyta</i>	<i>Error! Bookmark not defined.</i>
5. <i>Stjórnkerfi</i>	<i>Error! Bookmark not defined.</i>
6. <i>Starfssvæði ráðuneytisins</i>	15
7. <i>Áhættumat ráðuneytisins</i>	16
8. <i>Viðbragðsáætlun ráðuneytisins við heimsfaraldri influensu</i>	18
8.1 <i>Mikilvægir verkþættir ráðuneytisins og skipurit</i>	<i>Error! Bookmark not defined.</i>
8.2 <i>Lykilstarfsmenn og staðgenglar í influensufaraldri</i>	20
8.3 <i>Óumflýjanlegar aðgerðir og daglegt upplýsingaflæði</i>	25
8.4 <i>Aðgerðir til þess að viðhalda rekstri ráðuneytis í faraldri</i>	25
Meta áhrif birgja og kanna lágmarksbirgðir	25
Reglur um fundahöld	25
Reglur um ferðalög starfsmanna	25
Reglur um veikindaleyfi og umönnunarleyfi starfsmanna	26
Reglur um sveigjanlega staðsetningu starfsmanna og sveigjanlegan vinnutíma	26
Reglur um þjálfun starfsmanna á fleiri en einu sviði.....	26
Reglur um breytta þjónustu við viðskiptavinum	26
8.5 <i>Viðbrögð við aukinni hættu innan ráðuneytis</i>	26
Eyðing smitefnis	26
Heilsufarsleg atriði starfsmanna og influensueinkenni	27
Reglur um hreinlæti og meðhöndlun úrgangs	27
Ráðstafanir til að fækka smitleiðum	28
8.6 <i>Gátlistar</i>	29
Allar skrifstofur félags- og tryggingamálaráðuneytisins.....	29
9. <i>Samskiptaleiðir</i>	30
10. <i>Kort og teikningar</i>	<i>Error! Bookmark not defined.</i>
11. <i>Dreifingarlisti</i>	33
12. <i>Breytingasaga</i>	<i>Error! Bookmark not defined.</i>
13. <i>Fylgiskjal 1: Listi yfir lykilstarfsmenn; nafn, heimili og símanr.</i>	34

Formáli

Samkvæmt 15. grein laga um almannavarnir nr. 82/2008 ber ráðuneytum og undirstofnunum þeirra að gera viðbragðsáætlanir sem skulu undirritaðar og staðfestar af réttum yfirvöldum.

Ráðuneytin, í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjórans og embætti sóttvarnalæknis, gerðu sniðmát að viðbragðsáætlun fyrir ráðuneytin til að fara eftir þegar til heimsfaraldurs influensu kemur í samræmi við framangreinda lagagrein.

Markmið viðbragðsáætlunarinnar eru að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð þegar til influensufaraldurs kemur. Hvert ráðuneyti og undirstofnanir þess útfærir nánar sína viðbragðsáætlun með það að markmiði að tryggja órofinn rekstur þess miðað við að atvinnulíf í landinu verði skert í ákveðinn tíma vegna faraldursins.

Ábyrgð á viðbragðsáætlun er á höndum viðkomandi stjórnenda.

1. Inngangur

Viðbragðsáætlun þessari er ætlað að segja fyrir um skipulag og stjórn aðgerða innan [félags- og tryggingamálaráðuneytisins](#) í kjölfar heimsútbreiðslu influensu.

Áætlunin miðast við að atvinnulíf í landinu verði skert í ákveðinn tíma, hluti þjódarinnar verði rúmfastur vegna veikinda og dánartíðnin verði umfram það sem búast má við í venjulegu árferði. Markmið áætlunarinnar eru að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð allra ráðuneyta sem og starfsmanna innan ráðuneytisins þegar til influensufaraldurs kemur. Áætlunin er unnin í samræmi við stigskiptingu og tilmæli almannavarna.

Við gerð áætlunarinnar er meðal annars stuðst við lög um almannavarnir nr. 82/2008 og lög um sóttvarnir nr. 19/1997. Einnig eru sóttar upplýsingar úr bæklingi sem upphaflega var gerður fyrir Írland; *Business Continuity Planning. Responding to an Influenza Pandemic*.

Gerð áætlunarinnar er í samræmi við Landsáætlun almannavarna vegna heimsfaraldurs influensu frá árinu 2008 og í samræmi við gátlista um órofinn rekstur fyrirtækja sem gefinn var út af sóttvarnalækni, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, ASÍ, viðskiptaráðuneyti og Samtökum atvinnulífsins. Ekki er um endanleg fyrirmæli að ræða og getur ráðuneytisstjóri og yfirmaður öryggismála ráðuneytisins ákveðið breytta starfstilhögun með tilliti til ástands og aðstæðna hverju sinni.

Ábyrgð á áætlun þessari er í höndum félagsmálastjóra Félagsþjónustu Norðurþings. Áætlunin skal endurskoðuð a.m.k. á fimm ára fresti, en yfirfarin árlega t.d. hvað varðar boðleiðir, gátlista og starfssvæði innan stofnunarinnar. Ef miklar breytingar verða á starfsemi stofnunarinnar skal áætlunin þegar í stað endurskoðuð.

Áætlunin skal kynnt fyrir starfsmönnum og er vistuð á vefsíðu [Félagsþjónustu Norðurþings](#) www.nordurthing.is

Áætlun þessi tekur þegar gildi.

Húsavík 4. september, 2009

Freydís Jóna Freysteinsdóttir

félagsmálastjóri

Erla Alfreðsdóttir

deildarstjóri um málefni fatlaðra

2. Heimsfaraldur influensu

Saga heimsfaraldra influensu

Allt frá 16. öld hafa heimsfaraldrar influensu riðið yfir heiminn að minnsta kosti tvisvar til þrisvar á öld. Afl heimsfaraldra fjarar út með tímanum og breytast þeir í árstíðabundna influensu. Ein ástæða fyrir því er að þegar heimsfaraldur skellur á er engin mótstaða í mannfólkinu því um nýja veiru er að ræða. Smám saman byggist upp mótstaða hjá mönnum en veirufaraldrarnir geta haldið áfram að ganga vegna smávægilegra breytinga í mótefnavökum influensunnar en fólk er að hluta til varið vegna krossónæmis.

Á 20. öldinni riðu þrjár heimsfaraldrar influensu yfir. Sá fyrsti geisaði 1918 og var afar mannskæður. Hann var nefndur spánska veikin en talið er að 50-100 milljón manns hafi látið lífið af hans völdum. Hinir tveir heimsfaraldrarnir riðu yfir 1957 og 1968 en ollu mun minna manntjóni. Á Íslandi gekk spánska veikin á Suð-vesturhluta landsins á tímabilinu frá október til desember 1918 en áður hafði væg sumarinfluensa gengið yfir 1918. Spánska veikin hófst í ágúst í Evrópu og Norður-Ameríku.

Talið er að um 60% Reykvíkinga hafi veikst af spánsku veikinni og að allt að 500 manns látist á landinu öllu. Íslendingar geta dregið nokkurn lærdóm af reynslu þjóðarinnar frá þeim tíma. Til að hindra útbreiðslu veikinnar voru settar ferðatakmarkanir og lokað var fyrir umferð um Holtavörðuheidi og einnig yfir Mýrdalssand. Með þessu tókst að hindra að veikin bærist á Norðurland og Austurland en til Vestfjarða barst hún með skipum.

Þar sem að fyrri faraldrar hafa riðið yfir á um 40 ára fresti og síðasti faraldur geisaði fyrir 40 árum hefur verið búist við nýjum faraldri í nokkurn tíma. Í apríl 2009 greindist nýr stofn influensuveiru í mönnum (H1N1) í Mexíkó og Bandaríkjunum. Þessi stofn breiddist nokkuð hratt út í þessum löndum og olli allnokkrum dauðsföllum einkum í Mexíkó. Í byrjun maí hefur hinn nýi stofn greinst í öllum heimsálfum nema Afríku en dauðsföll verið fátíð utan Mexíkó. Þegar þetta er skrifað, í maí 2009, hefur eitt tilfelli influensu A H1N1 greinst á Íslandi. Um milda sýkingu var að ræða og ekki var þörf á innlögn á sjúkrahús. Þá hefur skæð influensa af A stofni (H5N1) breiðst út í fuglum undanfarin 10 ár og í stöku tilfellum borist í menn með alvarlegum afleiðingum. Það er því ljóst að alvarlegur heimsfaraldur influensu getur skolið á á næstunni og því mikilvægt að fyrir liggja viðbragðsáætlanir hér á landi sem hindrað geta útbreiðslu hans og dregið úr alvarlegum afleiðingum.

Mikilvægt er að ráðuneytin geti haldið starfsemi sinni áfram sem mest óraskaðri þrátt fyrir heimsfaraldur influensu og er gerð viðbragðsáætlunar afar nauðsynleg í þeim tilgangi.

Markmið viðbragðsáætlunar ráðuneytisins

Viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs influensu miðar að því að lágmarka áhrif influensufaraldurs á vinnustaðnum með því að:

- Skilgreina mikilvæga verkþætti ráðuneytisins og lykilstarfsmenn og staðgengla.
- Draga úr útbreiðslu faraldurs á vinnustaðnum og lágmarka smithættu.
- Styrkja nauðsynlega starfsemi og treysta innviði þess.
- Upplýsa starfsmenn og veita nauðsynlega fræðslu.

3. Háskastig almannavarna

Almannavarnastig

Viðbragðsáætlunum almannavarna er skipt í þrjú stig sem skilgreina alvarleika þess ástands sem steðjar að. Almennavarnastigin eru: Óvissustig, Hættustig og Neyðarstig.

Til þess að gefa til kynna umfang almannavarnaviðbragða þ.e. fjölda þeirra eininga sem virkjaðar eru í þágu almannavarna í hvert sinn, þörf fyrir víðtæka samhæfingu og fjölda stjórnstiga er hægt að skilgreina umfang á hverju almannavarnastigi með litum sem hér segir:

- **Grænt**

Atburði er sinnt af fáum viðbragðsaðilum

- **Gult**

Alvarlegur atburður og sinnt af mörgum viðbragðsaðilum

- **Rautt**

Mjög umfangsmikill atburður á mörgum svæðum

- **Svart**

Þjóðarvá - hamfarir eða atburðir sem hafa áhrif á mörg umdæmi á sama tíma.

Með hliðsjón af þessu taka sóttvarnalæknir og ríkislögreglustjóri ákvörðun um umfang aðgerða hverju sinni og upplýsa viðbragðsaðila.

Óvissustig

Athuganir, mælingar, hættumat

Skilgreining:

Nýr undirflokkur inflúensuveiru greinist í mönnum en sýking milli manna er ekki þekkt nema í undantekningartilfellum og þá við mjög náið samband.

Ráðstafanir ákveðnar af ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni með hliðsjón af alvarleika faraldurs:

1. Samráð / samstarf er við mikilvæg erlend samtök og stofnanir.
2. Samráð / samstarf milli innlendra stofnana, samtaka, fyrirtækja og félaga.
3. Skráning upplýsinga um staði þar sem smitsjúkdómur geisar.
4. Athugun á birgðastöðu matar, lyfja og annarrar nauðsynjavöru.
5. Athugun á boðleiðum, fjarskiptum og fleiru þess háttar.
6. Æfingar, almannavarnaæfing, minni æfingar innan stofnana og / eða hjá aðilum, sem hafa sameiginleg verkefni.

Hættustig

Viðbúnaður vegna hættu

Skilgreining:

1. Enginn staðfest sýking hérlendis.
2. Litlar hópsýkingar af völdum nýs undirflokks inflúensuveirunnar brjótast út hjá mönnum á takmörkuðu svæði en veiran virðist ekki hafa lagað sig vel að mönnum.
3. Umtalsverðar hópsýkingar brjótast út hjá mönnum en þær eru enn staðbundnar. Vísbendingar eru um að veiran aðlagist mönnum í vaxandi mæli en þó ekki þannig að umtalsverð hætta sé á heimsfaraldri.

Ráðstafanir ákveðnar af ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni með hliðsjón af alvarleika faraldurs:

1. Ráðstafanir gerðar til að koma í veg fyrir að sýktir einstaklingar komi til Íslands.
2. Komi fólk frá sýktum svæðum til Íslands fer fyrsta læknisrannsókn fram í flughöfnum (Keflavík) og höfnum.
3. Söfnun og úrvinnsla faraldursfræðilegra upplýsinga.
4. Hugsanlega loka einhverjum höfnum / flugvöllum.
5. Heimasóttkví hugsanlega beitt gegn þeim sem eru einkennalausir en gætu hafa smitast.
6. Skip hugsanlega sett í sóttkví.
7. Skipulögð dreifing / taka fyrirbyggjandi inflúensulyfja meðal áhættuhópa íhuguð.
8. Athuga með heimköllun Íslendinga frá svæðum þar sem hópsýkingar af völdum nýs stofns inflúensu hafa brotist út.

Neyðarstig

Neyðaraðgerðir vegna atburða

Skilgreining;

1. Stofn inflúensuveirunnar hefur fundist í einum eða fleiri einstaklingum hérlendis eða heimsfaraldri hefur verið lýst yfir. Vaxandi og viðvarandi útbreiðsla smits meðal manna

Ráðstafanir ákveðnar af ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni með hliðsjón af alvarleika faraldurs:

1. Viðbragðskerfi að fullu virkjað.
2. Samkomubann, lokun skóla o.fl.
3. Útskrift sjúklinga af sjúkrahúsum.
4. Skipulögð dreifing / taka fyrirbyggjandi inflúensulyfja meðal áhættuhópa.

Skammstafanir og orðskýringar

AR	Sýkingartíðni
AST	Aðgerðastjórn/-stjóri
AVD	Almannavarnadeild
AVN, Avvarnarnefnd	Almannavarnanefnd
CFR	Dánarhlutfall sjúkdóms
ECDC	Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins
LL	Landlæknisembættið
RLS	Ríkislögreglustjórinn
RÚV	Ríkisútvarpið
SÁBF	Stjórnun-Áætlun-Bjargir-Framkvæmd, fjórir megin verkþættir verkþáttaskipuritsins
SST	Samhæfingarstöðin, Skógarhlíð
SSUS	Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir
SVL	Sóttvarnalæknir
VST	Vettvangsstjórn
WHO	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin

FOR	Forsætisráðuneyti
DKM	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti
FTR	Félags- og tryggingamálaráðuneyti
FJR	Fjármálaráðuneyti
HBR	Heilbrigðisráðuneyti
IDN	Iðnaðarráðuneyti
MRN	Menntamálaráðuneyti
SAM	Samgönguráðuneyti
SLR	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti
UMH	Umhverfisaráðuneyti
UTN	Útanríkisráðuneyti
VRN	Viðskiptaráðuneyti

Sóttvarnaráðstafanir

Heilbrigðisráðherra kveður á um **samkomubann** samkvæmt tillögu sóttvarnalæknis (sbr. 12. gr. laga nr. 19/1997). Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra sér um framkvæmd samkomubanns í samvinnu við dómsmálaráðuneyti og lögreglustjóra. Í samkomubanni felst að fjöldasamkomur eru óheimilar s.s. fundarhöld, skólastarf, skemmtanir á borð við dansleiki, leiksýningar og kirkjuathafnir á borð við messur. Samkomubann er sett samkvæmt nánari fyrirætlun sóttvarnalæknis. Þegar ekki eru lengur forsendur fyrir samkomubanni er það heilbrigðisráðherra sem afléttir samkomubanni samkvæmt tillögu sóttvarnalæknis.

Heilbrigðisráðherra er heimilt að fenginni tillögu sóttvarnalæknis að **takmarka ferðafrelsi** manna með því að grípa til afkvíunar byggðarlaga og landsins alls og einangrunar sýktra manna, sbr 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997. Sóttvarnalæknir gefur fyrirætlun um nánari tilhögun takmarkana á ferðafrelsi. Almannavarnadeild sér um framkvæmd þessara ráðstafana í samvinnu við dóms- og kirkjumálaráðuneyti og lögreglustjóra.

Háskastig WHO

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) í samvinnu við sóttvarnastofnanir í Bandaríkjunum (CDC) og Evrópu (ECDC) ásamt framkvæmdastjórn ESB hafa með sér náð samstarf við að fylgjast með og meta stöðu og alvarleika influensufaraldra. Íslendingar fá upplýsingar frá WHO og hafa jafnframt nána samvinnu við ECDC og ESB um vöktun og viðbrögð.

Í stigaskipan WHO er gert ráð fyrir þremur skeiðum í heimsfaraldri; *skeið á milli heimsfaraldra*, *viðvörðunarskeiði* og *skeiði heimsfaraldurs*. Innan hvers skeiðs eru skilgreind mismunandi stig og eru þau sex talsins.

Stig WHO segja meira til um útbreiðslu frekar en alvarleika sýkingar. Stig 6, *skeið heimsfaraldurs*, getur verið vaxandi útbreiðsla á vægri influensu. Viðbragðsáætlun ráðuneyta gegn heimsfaraldri influensu er gerð með háskastig almannavarna til hliðsjónar en stigaskipan WHO er mikið notuð í fjölmiðlum og er sett hér fram til skýringar.

Háskastig WHO	
Stig heimsfaraldurs	Markmið aðgerða
<p>Skeið milli heimsfaraldra</p> <p>Stig 1. Enginn nýr influensustofn hefur greinst í mönnum.</p> <p>Stig 2. Enginn nýr stofn influensuveiru hefur greinst í mönnum. Stofn influensuveiru geisar í dýrum og talinn geta ógnað mönnum.</p> <p>Viðvörðunarskeið</p> <p>Stig 3. Nýr stofn influensuveiru hefur greinst í mönnum en ekki er vitað til þess að hann berist manna á milli nema í undantekningartilfellum og þá við mjög náð samband manna.</p> <p>Stig 4. Litlar hópsýkingar brjótast út hjá mönnum á takmörkuðu svæði af völdum nýs stofns influensu en hann virðist ekki hafa lagað sig vel að mönnum.</p> <p>Stig 5. Umtalsverðar hópsýkingar brjótast út hjá mönnum en þær eru enn staðbundnar. Vísbendingar eru um að veiran hafi í vaxandi mæli aðlagast mönnum, þó ekki í þeim mæli að umtalsverð hætta sé á heimsfaraldri.</p> <p>Skeið heimsfaraldurs</p> <p>Stig 6. Heimsfaraldur: Vaxandi og viðvarandi útbreiðsla smits á meðal manna.</p>	<p>Styrkja viðbúnað við heimsfaraldri influensu.</p> <p>Lágmarka hættu á smiti, uppgötva og tilkynna slík smit án tafar.</p> <p>Tryggja hraða greiningu á nýjum stofni veirunnar. Greina tilfelli fljótt og tilkynna þau án tafar. Hröð viðbrögð við fleiri tilfellum.</p> <p>Halda nýjum stofni innan afmarkaðs svæðis/uppsprettu eða seinka útbreiðslu og vinna tíma til að bregðast við (bóluefni ofl.).</p> <p>Hámarksáhersla er lögð á að koma í veg fyrir eða seinka útbreiðslu og, ef mögulegt, afstýra heimsfaraldri og vinna tíma til að hrinda í framkvæmd sóttvarnaráðstöfunum.</p> <p>Draga úr afleiðingum heimsfaraldurs eins og unnt er.</p>

4. Starfseiningar, þjónusta og forgangur hjá Félagsþjónustu Norðurlings í málefnum fatlaðra

Á vegum Félagsþjónustu Norðurlings er starfsrækt sambýli fyrir fjölfatlaða einstaklinga, þjálfunarheimili fyrir þroskaskerta einstaklinga og hæfing fyrir fatlaða, auk þess sem fötluðum einstaklingum er sinnt með liðveislu, frekari liðveislu, stuðningsfjölskyldum og skammtí mavistun.

Í eftirfarandi töflu má sjá starfseiningar og aðra þjónustu Félagsþjónustu Norðurlings í málefnum fatlaðra og stjórnendur þeirra:

Starfseining	Stjórnandi	Fjöldi starfsm.	Fjöldi íbúa	Forg.
Pálsgarður sambýli	Sigurhanna Salómons dóttir	13	5	1
Sólbrekka þjálfunarheimili	Dögg Stefáns dóttir (í leyfi) Þorgrímur Sigmundsson	5	4	2
Miðjan hæfing	Aníta Stefáns dóttir	2		3
Setrið geðræktarmiðstöð	Marzenna Katarzyna Cybulska	2		3
Önnur þjónusta	Stjórnandi	Fjöldi starfsm.	Fjöldi skjólst.	
Félagsleg liðveisla	Erla Alfreðs dóttir	1	*	3
Frekari liðveisla	Kristín Magnúsdóttir	3	6	1
Stuðningsfjölskyldur	Erla Alfreðs dóttir	1	*	3
Skammtí mavistun	Erla Alfreðs dóttir	1	1	3
Félagsþjónusta	Freydís Jóna Freysteins dóttir og Erla Alfreðs dóttir	2		3

Forgangur

Þjónusta er skipt í forgangsstig eftir mikilvægi. Sú þjónusta sem fær **forfangsstigið 1** er sú þjónusta sem mikilvægast er að sinna. Sú þjónusta er bráðnauðsynleg og alls ekki hægt að sleppa þeirri þjónustu. **Forfangsstigið 2** er mikilvæg þjónusta en hægt er að sleppa henni í stuttan tíma ef aðstæður verða þess eðlis að mjög erfitt reynist að veita hana. **Forfangsstigið**

3 er þjónusta sem er mikilvæg en þess eðlis að hægt er að sleppa henni um nokkurt skeið ef erfitt reynist að veita hana. Ekki er gerð neyðaráætlun um þjónustu á forgangsstigi 3.

Rekstur stofnana og þjónusta

Pálsgarður, sími 464 1320

Forstöðumaður er Sigurhanna Salómons dóttir kennari og sérkennari.

Íbúar eru fimm og allir fjölfatlaðir á aldrinum 23ja-70 ára, þrír karlar og tvær konur. Þörf er á sólarhringsþjónustu og því er sinnt af 13 starfsmönnum í sjö og hálfu stöðugildi. **Forgangsstig 1.**

Þjálfunarheimilið Sólbrekku 28, sími 464 1664/862 1664

Forstöðumaður er Dögg Stefánsdóttir, BA í sálfræði. Afleysing, Þorgrímur Sigmundsson félagsliði.

Þjálfunarheimilið að Sólbrekku 28 er fyrir þroskaskert ungmenni sem vilja flytja að heiman og í sjálfstæða búsetu en þurfa stuðning og þjálfun í færni við daglegar athafnir og við félagsleg samskipti. Stöðugildi eru fjögur og hálf, sem sinnt er af fimm starfsmönnum. Íbúar að Sólbrekku 28 eru fjórir. **Forgangsstig 2.**

Miðjan. Hæfing/iðja, sími 464 1201/464 9777

Forstöðumaður Miðjunnar er Anita Stefánsdóttir iðjupjálfi.

Markmið Miðjunnar eru að efla alhliða þroska og sjálfstæði einstaklingsins, viðhalda og auka þá færni sem einstaklingurinn hefur náð. Þar fer fram hæfing/iðja fyrir fatlaða. Jafnframt er markmiðið að veita vellíðan og öryggi og efla frumkvæði og koma til móts við sjálfsákvörðunarrétt. Notendur eru frá 13 ára aldri og um 20 talsins. Þeir skiptast í þrjá hópa: 1) fólk með væga þroskahömlun og/eða sértæka námsörðugleika, 2) fjölfatlaðir einstaklingar sem eru íbúar í Pálsgarði og 3) fólk með þroskahömlun sem er í sjálfstæðri búsetu eða býr í foreldrahúsum. **Forgangsstig 2.**

Setrið, geðræktarmiðstöð, sími 464 1740

Forstöðumaður Seturs er Marzenna Cybulska iðjupjálfi

Setrið, geðræktarmiðstöð er batahvetjandi stuðningsúrræði fyrir einstaklinga innan Þingeyjarsýslu sem búa, eða hafa búið við geðraskanir, atvinnuleysi og/eða alvarleg veikindi með þeim afleiðingum að lífsgæði þeirra hafa skerst.

Markmið Setursins eru m.a. að efla sjálfstraust og ábyrgð til félagslegrar þátttöku, að auka færni til samskipta, að efla þátttöku í ýmiskonar iðju, að efla virkni og þátttöku í daglegu lífi, að efla trú á eigin áhrifamátt, að draga úr fordómum gegn geðröskunum, að draga úr neikvæðum áhrifum geðraskanana á einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið í heild, að fækka innlögnum á geðdeildir og að efla geðheilbrigði.

Félagsleg liðveisla

Umsjón: Erla Alfreðsdóttir deildarstjóri um málefni fatlaðra.

Félagsleg liðveisla er ætluð til stuðnings við að taka þátt í samfélagsinu. Hámarkstími eru 24 stundir á mánuði og eru laun greidd af viðkomandi sveitarfélagi. **Forgangsstig 3.**

Frekari liðveisla

Umsjón hefur Kristín Magnúsdóttir félagsliði

Frekari liðveisla er sett inn hjá notendum þegar meiri þjónustu þarf en 24 stundir á mánuði vegna sjálfstæðrar búsetu eða annarra þátta en félagsleg liðveisla nær yfir. Frekari liðveisla er greidd af ríkinu og er sett inn þegar sveitarfélagið hefur uppfyllt sínar skyldur vegna félagslegrar liðveislu. Þetta árið störfuðu þrír starfsmenn við frekari liðveislu í samtals 170% starfi við að sinna 8 aðilum með fötlun, þar af fjórum sem geta ekki verið tímabundið án þjónustu (**forgangsstig 1**) og fjórum sem geta tímabundið verið án þjónustu (**forgangsstig 2**).

Stuðningsfjölskyldur

Umsjón: Erla Alfreðsdóttir deildarstjóri um málefni fatlaðra

Stuðningsfjölskyldur eru ráðnar í ákveðinn fjölda sólarhringa á mánuði og ætlaðar til að gefa börnum með fötlun tilbreytingu og til hvíldar fyrir fjölskyldur fatlaðra barna.

Stuðningsfjölskyldur eru 12 fyrir 10 notendur. Notendur eru ýmist með 2, 3 eða 5 sólahringa í mánuði og fer það eftir fötlun hve mörgum sólahringum þeir eiga rétt á. Þar sem ekki er möguleiki á skammtí mavistun á þjónustusvæðinu hafa fjölskyldur fengið auka sólahringa hjá stuðningsfjölskyldum þegar þörf hefur verið á því. **Forgangsstig 3.**

Skammtí mavistun

Umsjón: Erla Alfreðsdóttir deildarstjóri um málefni fatlaðra

Aðgangur er að skammtí mavistun á Akureyri sem einn aðili nýtir sér sem stendur. **Forgangsstig 3.**

5. Viðbragðsáætlun ríkisins

Ríkisstjórn Íslands

Frumskylda ríkisvaldsins er að stuðla að öryggi og heilbrigði borgaranna. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að tryggja öryggi ríkisins og heildarhagsmuni samfélagsins. Nauðsynlegt er að forgangsraða verkefnum hins opinbera og verja innri stoðir samfélagsins til þess að viðhalda nauðsynlegustu starfsemi. Forgangsröðun fyrirbyggjandi sóttvarnaráðstafana þarf að taka tillit til þessara þátta þannig að þeir starfsmenn sem halda uppi heilbrigðiskerfinu, annast neyðarþjónustu og öryggis ríkisins og þeir sem halda gangandi innri stoðum samfélagsins séu sérstaklega varðir.

Öll ráðuneyti og stofnanir þurfa að útbúa eigin viðbragðsáætlun sem miða að því að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna og tryggja að hægt verði að viðhalda mikilvægri starfsemi meðan á heimsfaraldri stendur. Þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við áætlunargerðina eru að heimsfaraldur gangi yfir landið á um 12 vikum og gengið út frá því að allt að 50% starfsmanna mæti ekki til vinnu á meðan ástandið varir.

Ríkisstjórnin verður að vera vel upplýst um stöðu mála á hverri stundu til að geta tekið mikilvægar ákvarðanir með skjótum hætti þegar á þarf að halda. Stjórnvöld þurfa að geta brugðist við miklum starfsmannaskorti sem getur lamað mikilvæga starfsemi og dreifingu nauðsynja. Því er mikilvægt að stjórnvöld ákveði forgangsröðun á mikilvægri starfsemi og nauðsynlegasta starfskrafti fyrirfram. Stjórnvöld þurfa þannig að forgangsraða hvaða starfsemi sé mikilvægust til þess að halda samfélaginu gangandi og mæla fyrir um tímabundna niðurlagningu starfsemi sem ekki er eins brýn.

Almannavarna- og öryggismálaráð

Stefna stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum skal mörkuð af almannavarna- og öryggismálaráði til þriggja ára í senn. Í almannavarna- og öryggismálastefnu stjórnvalda skal gera grein fyrir ástandi og horfum í almannavarna- og öryggismálum í landinu, fjalla um áhersluatriði varðandi skipulag almannavarna- og öryggismála, forvarnastarf, nauðsynlega samhæfingu á efni viðbragðsáætlana og starfsemi opinberra stofnana á því sviði, sbr. VI. kafla laga þessara, nauðsynlegar birgðir til þess að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar á hættutímum, endurreisn eftir hamfarir og aðrar aðgerðir sem ráðið telur nauðsynlegar til þess að markmið laga þessara náist.

Umsýsla vegna almannavarna- og öryggismálaráðs og undirbúningur vegna funda þess er í höndum dómsmálaráðherra.

Í almannavarna- og öryggismálaráði eiga sæti forsætisráðherra, sem jafnframt er formaður þess, dómsmálaráðherra, samgönguráðherra, umhverfisráðherra, heilbrigðisráðherra, utanríkisráðherra og iðnaðarráðherra. Þar að auki er forsætisráðherra heimilt að kveðja allt að tvo ráðherra í viðbót til setu í ráðinu í senn vegna sérstakra mála.

Einnig eiga sæti í almannavarna- og öryggismálaráði:

1. Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis.

2. Ráðuneytisstjóri dómsmálaráðuneytis, ríkislögreglustjóri og forstjóri Landhelgisgæslu Íslands.
3. Ráðuneytisstjóri samgönguráðuneytis, flugmálastjóri, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, siglingamálastjóri og vegamálastjóri.
4. Ráðuneytisstjóri umhverfissráðuneytis, veðurstofustjóri, brunamálastjóri og forstjóri Umhverfisstofnunar.
5. Ráðuneytisstjóri heilbrigðisráðuneytis, landlæknir, sóttvarnalæknir og forstjóri Geislavarna ríkisins.
6. Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
7. Ráðuneytisstjóri iðnaðarráðuneytis, orkumálastjóri og forstjóri Landsnets.
8. Fulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar.
9. Fulltrúi Rauða kross Íslands.
10. Fulltrúi samræmdrar neyðarsvörunar.

Að auki skipar forsætisráðherra tvo fulltrúa til setu í ráðinu samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Sóttvarnalæknir

Við embætti landlæknis starfar sóttvarnalæknir sem ber ábyrgð á sóttvörnum í landinu samkvæmt lögum nr. 19/1997 undir yfirstjórn ráðherra. Hann skipuleggur og samræmir sóttvarnir og ónæmisáðgerðir um land allt, m.a. með útgáfu leiðbeininga um viðbrögð við farsóttum.

Ef tilkynningar til sóttvarnalæknis um smitsjúkdóma benda til að farsótt sé yfirvofandi skal hann þegar í stað gera heilbrigðisráðherra viðvart. Ráðherra ákveður að tillögu sóttvarnaráðs hvort grípa skuli til opinberra sóttvarnaráðstafana, svo sem ónæmisáðgerða, einangrunar smitaðra, sótthreinsunar, afkvíunar byggðarlaga eða landsins alls, lokunar skóla eða samkomubanns. Sóttvarnalæknir getur beitt slíkum vörnum til bráðabirgða án þess að leita heimildar fyrirfram ef hann telur að hvers konar töf sé hættuleg, en gera skal hann ráðherra jafnskjótt kunnar ráðstafanir sínar.

Samhæfingarstöð almannavarna

Samhæfingarstöðin (SST) er stjórnstöð sérstakra aðgerða og samhæfir á milli umdæma. Stöðin er staðsett í Björgunarmiðstöðinni að Skógarhlíð 14, Reykjavík. Samhæfingarstöðin er virkjuð að fullu þegar NEYÐARSTIGI hefur verið lýst yfir og eftir það fer samræming og stjórnun aðgerða fram í stöðinni, nema annað sé ákveðið af stóttvarnalækni. Á HÆTTUSTIGI hefst undirbúningur vegna virkjunar og er þá hluti áhafnar að störfum í stöðinni. Samhæfingarstöðin skipuleggur stuðning við þá sem þess óska samkvæmt beiðni hverju sinni.

6. Starfssvæði Félagsþjónustu Norðurbings í málefnum fatlaðra

Starfsemi Félagsþjónustu Norðurbings í málefnum fatlaðra fer fram á þjónustusvæði Félagsþjónustu Norðurbings. Þjónustusvæðið nær yfir Þingeyjasýslur auk Bakkafjarðar. Skrifstofa málefna fatlaðra er staðsett innan Félagsþjónustu Norðurbings að Ketilsbraut 7-9 á Húsavík. Starfseiningarnar sem starfræktar eru á vegum Félagsþjónustu Norðurbings í málefnum fatlaðra eru: Sambýlið Pálsgarður, Þjálfunarheimilið í Sólbrekku, Miðjan (hæfing/iðja), Setrið-geðræktarmiðstöð og eru allar staðsettar á Húsavík. Keypt er þjónusta hjá Skammtímavistun á Akureyri. Önnur starfsemi (s.s. félagsleg liðveisla, frekari liðveisla og stuðningsfjölskyldur) fer fram víðsvegar um þjónustusvæðið.

7. Áhættumat Félagsþjónustu Norðurlþings í málefnum fatlaðra


Viðbragðsáætlun um starfsemi í influensufaraldri og óumflýjanlegar aðgerðir byggir á áhættumati. Félagsþjónusta Norðurlþings í málefnum fatlaðra þarf að áætla afkastagetu sína miðað við útbúnað, húsakost, daglega starfskrafta og lágmarksmönnun.

Í viðbragðsáætlun vegna álags Félagsþjónusta Norðurlþings í málefnum fatlaðra í heimsfaraldri influensu þarf að gera ráð fyrir tvenns konar möguleikum;

- 1) **Svæsum faraldri** þar sem er gripið til sértækra sóttvarnaráðstafana en í slíkum faraldri má gera ráð fyrir **50% sýkingartíðni**.
- 2) **Vægari faraldri** þar sem gera má ráð fyrir **25% sýkingartíðni**

Félagsþjónusta Norðurlþings í málefnum fatlaðra þarf að undirbúa viðbrögð og aðgerðir sem stuðla að sem minnstri röskun starfsemi í allt að 50% fjarvistum starfsfólks.

